

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
Frá: Margréti Geirsdóttur  
Dags. 11. júní 2021  
Mnr. 2021030006



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Starfshópur - fjölgun fulltrúa

Á fundi bæjarstjórnar þann 4. júní var samþykkt erindisbréf fyrir starfshóp vegna frumvarps til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Í kjölfarið átti sér stað umræða um að það vantaði fulltrúa frá Menntaskólanum á Ísafirði í hópinn en nemendur á milli 16 og 18 ára stunda nám við skólann. Jafnframt kom fram að Súðavíkurreppur þyrfti að hafa fulltrúa í starfshópnum á grundvelli náinnar samvinnu við Ísafjarðarbæ, sérstaklega í barnavernd og félagsþjónustu en einnig vaxandi sérfræðiþjónustu í skóla. Óskað var eftir fulltrúum frá framangreindum og hefur skólameistari skipað Margréti Björk Arnardóttur, náms- og starfsráðgjafa í hópinn. Súðavíkurreppur hefur skipað Önnu Lind Ragnarsdóttur, skólastjóra sem sinn fulltrúa í hópnum.

Því er erindisbréfið lagt fram á ný og óskað eftir samþykki um fjölgun í starfshópnum.

Virðingarfyllst,

---

Margrét Geirsdóttir  
sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar